

Goprun dimmlá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

18. ISBN 978-9935-409-17-1

Frigg Sága



Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norraen menning

+354 694 1264; +354 552 8080



Ef við sjáum Ságu/Frigg sem vatnalilju segjum við:
Frigg/Sága vex úr leðjunni, gegnum gruggugt vatn, og upp í sólina.
Þar breiðir hún úr krónunni.
Sumir telja Synju (6.) bera eitt af nöfnum Friggjar, sú in flekklausá
sú sem synjar allri synþ, er sannleikurinn.

Vatn og leðja loða aldrei við blöðin vatnaliljunnar /lótusins.
Hún er alltaf hrein og tær.

heill sé þér, móðir mikla!

víshvapúúdjya príyaa विश्वपूज्या प्रिया
þú sem dýrðuð ert og elskuð um allan heim

Vaknaði fold
sem fagni Óði
fimbulfríð
Fensala dís;
vaknaði Fjallkona,
fest sig hafði
ungum, ógnrökkum
ímun-þjóðum
....
glóðu sólgeislum
guðarúnir,
sungu ljósálfar,
svöruðu landvættir

(segir séra Matthís í „Íslandi“ sem byrjar: Ár var alda Íslands byggðar....)

Raunar fagnar Freyja Óði, og Frigg er fimbulfríð Fensaladís,
en þarna sjáum við að gyðjan er ein í hugum margra þótt hún beri mörg
nöfn.

Ekam sad vipraa bahudhaa vadanti, एकं सद्विप्र बहुध वदन्ति
einn er sannleikurinn, hinir vitru nefna hann mörgum nöfnum


Talið að Syn okkar (6.) -- sé í raun Frigg.
Allar og hver og ein eru þær gyðjan eina.
Allar saman og hver og ein gyðjan mikla.

Við heiðingjar vitum að lifandi menn fara innum gullnar dyr,
þróast í þann tærleika á einhverri sinni ævi,
opið er hliðið inn í hinn gulllaufgaða skóg, Glasi,
og að það er Syn (6.) sem síar brott grugg og ótærleika,
því gruggur og synþ fer ekki inn í hið altæra einherjanna líf.

satt, satya, सत् सत्य

(Endilega ekki rugla þessu saman við sálir eftir dauða búksins!!
það er einhver síðari tíma tilbúningur sem er villandi.
sjá 13., um Helíu.)

Öll guð tákna eindina,
vísa í eindina, ginnungagap.
Við komum úr hafi, (Ægir 2.; Njörður 21.),




Þroskastig mannsfósturs

Við eigum guð sem við vin eitt unir, þ.e. við lífsflæðið (14., 21.).
Svo eigum við einnig mjög athafnasöm guð, svo sem Þór (1.).
Og athafnasamar eru gyðjur sem sköpun og viðhald lífs.
Öll vísa þó guðin í eitt og hið sama:
eindina, ginnungagap, sem allt er úr.
Við erum hún. Mennirnir eru hún.
Við lifum í henni, guðin öll, mennirnir allir, lífverur allar.

Fjölgyðji (polyþeon, panþeon) veit að eindin er ein og úr henni er allt.

Við eigum æðstu gyðju sem tákna þróun úr fenjum, úr leðju,
-- þar eru ræturnar --
uppí sólarljósið,
-- þar sem blómkrónan er.



Þessi gyðja er Frigg í Fensölum, Sága í Sökkvabekk.
Hún er sjálfstæð og sterk í mikilleik sínum.

Frigg er alheimsástin alheimskærleikurinn sem er óþrjótandi og flæðir
um allt,
Sága er hin sjáandi, sér í gegnum leðjuna og gruggið, sér raunveruna.

Sága, hin sjáandi, drish दृश् पश्य pashya (sjá) stendur fyrir hið altæra.
Hún sér meira en veraldarfeegurðina.

Sága hin sjáandi stendur fyrir þessu fögru þróun meðal mannanna úr
dýrastiginu upp í að verða sjáandi.

Fen er af pañka, pamka; पञक पंक

Merking pamka er einnig gruggugt siðferði.

Pamka-djaa पंकजा sú in lotus-eygða, Fensaladís.

Sága, hin sjáandi, alsjáandi, sarvadarshin सर्वदर्शिन्
(sarva allt, al-, darshin sú sem sér, af pashya sjá).

pashyanti, पश्यन्ति sjáandi;

drösull etv. af drish. (sbr.: Ygg-drasill)

Skemmtilegt er að sjá Sökkvabekk Fensali í Stjarnvísi í Eddum Björns Jónssonar byggt á Einars Pálssonar Grímnismálum.

Komumst yfir mýrina er sagt á ensku, cross the mire, become the seer
-- og verða sjáandi.

Sága í Sökkvabekk (krabbi, 4.)
bekkur þýðir lækur

karka कर्क er krabbi, er einnig hvítur foli.
(hvítur góður göfugur fagur)



karka, कर्क krabbi, stjörnumerkið hennar Sökkvabekkur,
á við hjartað sem tilfinningar lifandi vera.




Bekkur er lækur, sem táknað flæðið þarna. Flæði gyðjunnar miklu.

Gyðjan gefur okkur veraldlega hamingju,
Fensalir sem stjörnumerki tákna sjálfstraust, þægindi,
táknað móðurina og föðurlandið okkar.
Gyðjan mikla leiðir okkur áfram í lífinu.
Þiggið hönd hennar útrétta.

Hjartað er nátengt tilfinningum.
Við tölum um hjartað í annarri merkingu en líffærið hjarta.
Við getum fengið sting í hjartað við vonbrigði.
Hjartar hoppa af kæti.



hvarmaregn





Frigg er gyðja, einnig á enn dýpri sviðum en tilfinningar okkar liggja.

Frigg er Hlín, af shrí श्री (einnig nafn á Lakshmí)

Gyðjan er okkur ætíð hliðholl.

Hlín er sú sem við getum hallað okkur að og treyst.

Nafnið hennar Hlín ber það í skauti sér.

Frigg hin virta, dáða, elskaða, dýrðkaða, mikla gyðja, sem er ímynd alheimskærleika.

Skyld orð Frigg eru fría frjá Freyja friður fríður frjáls grýna frændi Freyr.

Einnig gætu orðin víf og vé verið skyld lýsingarorðinu priya, en það þýðir svo margt margt.

(En gætið ykkar:

priyaa þýðir ekki eiginkona, einsog bullukollar sumir ranglega telja.)

Nafn Friggjar, sem er hin alumvefjandi ást og kærleikur,

er komið úr sanskrít priyaa, प्रि प्रीया preman (prema, prem) प्रेम

stofn pri eða prií प्रीयते priiyate -- prema kærleikur ást

Hún er sjálfstæð og mikil gyðja,

svo mikil að Óðin allsherjar hefur hún með sér sem förunaut sinn.



Hún er áfram hin dáða dýrðkaða sjálfstæða gyðja, hún er alsjáandi, hún er alheimskærleikurinn.

Frigg í Fensölum / Sága í Sökkvabekk spannar rætur okkar, og ferlið uppí birtuna miklu.

Shiksha (í 37., vitundarþroskamenntun) er um hvernig vitund og skilningur víkkar æ út og opnast.

Vitundarþroski.
Úr leðjunni upp í birtuna.

Við höfum val á hverri okkar ævi,
að opnast einsog vatnaliljan, fyrst knúbbur, svo opin blómkróna.

Við getum notað æviskeið til að opna upp vitund okkar,
einsog blómknúbbur sem veður að blómkrónu.



Við höfum val, mennirnir hafa val,
einnig um að synda og svamla í leðjunni allt æviskeið.



Maður sem lifir í forinni gæti sagt heimskulega:
-allt vatn rennur til sjávar hvort eð er,
svo ég get alveg eins legið hér á botninum og flotið með leðjunni.

Hvort viljum við það,
eða synda upp úr leðjunni, gegnum vatnið tæra upp í ljósið, sólina.



Ef við sjáum Ságu / Frigg sem vatnalilju, lótusblóm, segjum við:
Frigg / Sága hefur rætur í botninum, vex úr leðjunni,
gegnum vatn,
og upp í sólina.

Þar breiðir hún úr krónunni.
Vatn og leðja loða aldrei við blöðin hennar.
Hún er alltaf hrein og tær. Þannig líf kýs ég mér og mínum.
Þannig líf kýs ég handa öllum mönnum.

na lipyate न लिप्यते ekkert óhreint loðir við uppljómaðan mann --
einsog að skvetta vatni á gæs.



Við getum aðgreint þrepin sem við förum í gegnum á mannsævum.



Við munum og skiljum þau þrep sem við höfum lifað,
en skiljum ekki þau sem við eigum ólifuð.

Litlir strákar hafa gaman af leikfangabilum,
fullorðnir karlmenn vilja stóra dýra bíla.
Menn þroskast uppúr leikföngum uppí dýrari leikföng,



og telja það örugglega þroska.

Margir vita ekki annað en lágt vitundarstig sem þeir lifa
hafa ekki hugmynd um að lífið er til að þróast
vita ekki hvernig á að gera það !!

Enda mikið af alls konar orðaflaumi í gangi (oft dýrkeyptum),
flestir hætta að hlusta (vita aðeins að svona apparöt kosta of fjár),
búið að afgreiða alla súpuna sem opið er í lýðinn,
allir orðnir heilapvegnir og dofnir,
drukkna í klisjum og dogma.

Bólusettir gegn trúarbragðaprugli.



Við sjáum að dýrin eru á óæðra stigi mönnum
-- eða menn ættu að vera(!) æðri dýrunum -- (Rigur, 11.)
og við sjáum ef til vill að sumir menn eru á dýrastigi,
aðrir uppljómaðir,
allt þar á milli.

Við sáum þetta þroskamisræmi strax í barnaskóla.
Þó vissum við ekki, að sumir höfðu fæðzt oft oft sem menn,
aðrir voru styttra komnir á þróunarbrautinni.

Við ættum að vita að við erum á leiðinni að verða uppljómaðir menn.
Öll.

Svo er annað sem við vissum ekki:

Vitum við að við erum aðeins áhorfendur og gerendur?

Við, hin eiginlegu við, erum Ægir (2.) óumbreytanlegur.

Við eigum í norrænum goðafræðum gyðjur sem eru sköpunarkraftur,
svo sem Freyju (20.) Njarðardóttur (21.),
sem kemur úr Ægi (2.),
kemur sem froða á ströndu, αφροσ, Afródíta,

en hinn mikli Ægir táknað upprunann (2.),
ægidjúpið, órætt, orkuhlaðið, á hreyfingu.

Hin mikla umvefjandi alheimsást Friggjar er gefandi,
ætlast enskis til á móti.
Aðeins gefur af allsgnótt sinni.

Móðirin.
Móðir alls sem er.

Goþrún Dimmblá setur sem spássiukrot:

Tekið skal fram vegna rangtúlkana : Þótt orðið víf sé skylt príiyaa

þýðir príiyaa प्रिया alls ekki eiginkona (einsog wife á ensku).

Slíkt er einhver anglósaxneskur miðaldatílbúningur.

Endilega ekki leþja hann upp.

*Við erum ekki að tala um karla og kerlingar með cristianum
interpretatum um kvenfyrirlitningu.*

*Kannski Guðveldis-rembukarlar sjái ekki annað í gyðju en að hún
sé eign einhvers karls,
sé undirgefin einsog María Guðsmóðir, gyðingastúlkan í
eyðimörkinni,
en sú hlýðna stúlka var einmitt kölluð til sögu í Rómar karlavelði*

*til þess að kaffæra gyðjudýrðkun Evrópubúa!
Frigg er talin vera eign (eiginkona) karlkraftar vegna þess að hún
er gyðja.
Hvílík firra! .
Til eru sjálfskipaðir alvitringar sem ekki taka tílsögn, -- ekki vilja
láta leiðrétta sig.*

*Frigg, prema प्रेम er sjálfstæð og veigamikil gyðja í mikilleik sínum.
paraprakriti. .*

*Eðli svinnis er dñjan shakti इन् शक्ति þekking í kyrrð, rishi, Óðinn
sem breytist í, og tekur á sig mynd, tilgang,
sem kriyaa shakti क्रिया शक्ति framkvæmd úr svinni,
sem hylur og felur dñjan shakti, kyrrðina orkuhlöðni.
Framkvæmdaeiginleikinn felur Óðin, tæra kyrrð.*

Óðinn og Frigg eru tvennt sem vinnur saman,
hugtak er til yfir tvennt ólíkt, eða jafnvel andstætt, sem vinnur saman,
tveir hlutar einingar, ólíkir eða jafnvel andstæðrar merkingar, en geta
unnið vel saman.

Karlgerðir kraftar og kvengerðir kraftar sem vinna saman finnast víða um
veröld goðsagnanna,
t.d. ying yang í fjarlægju austri,
Frigg Óðinn,
purusha prakriti,
Ægir Rán,
Iðunn Baldur,
ÓðinnViliVéi Freyja,
Freyja Óður þótt þau hittist ekki oft.

Purusha er sem vitni alls sem gerist og grær,
er tilveran sjálf.
Hann sér allt gróa,

hann er 100%, purna पूर्ण fylld. Hin skapaða veröld einnig = 200%!!

Fulla sem er eskimær Friggjar, dregur nafn sitt af पूर्ण púúrña (fylld)



en dísir eru margar og góðar.

dísh दिश þýðir sýna, koma á framfæri, gefa, færa,
langa til að sýna og láta í té
(rótskylt lat.dico, gotnesku teihan, þá etv teikna segja).

Hin guðlega móðir er brísing alheimaástarinnar.

Hún færir öllum lífverum full, púúrna पूर्ण
sem er einnig 100% fylling í náttúrunni, í veraldarlífi.

Hún er geislar alheims ástar.
Færir okkur gleði og ánægju.

Krafturinn, orkan, sem býr í ginnungagapi aðeins er.
Er möguleikar alls, uppruni alls.

Móðirin mikla veitir okkur andleg verðmæti og andlega framför.
Hún er virkur skapandi kraftur í alheimi.
Hún hugsar og vel um veraldarvelgengi okkar og gnægtir.

Gifting og sameining, yóg, eru einnig oft táknmál um hið veraldlega sem
mætir hinu guðlega,
um einstaklingsvitund sem sameinast alheimsvitund.
Gerður og Freyr.
Það, að Gerður kemur brátt í lognfara lundinn Barra, er sameining,

yóga, योग

sameining hins veraldlega (sem Gerður stendur fyrir)
og ginnungagaps, sem guðin standa fyrir, tívatún (5.).

Freyr Gerður: án guðsins er Gerður á hrímpursastigi, föst í gulli Gymis,
vill ekki þróast, sér ekki ástæðu til að eignast hodd goða.

Án mannanna er guð árs og friðar leiður.

Óðinn valföður og Frigg hin kærleiksrika móðir, prema, priiyaa
eru guð sem vinna saman, vitund og kærleikur, óður og sköpun.

Iðunn og Bragi segja okkur hvernig iðkun samsviðstækninnar gerir menn að sjáandi skáldum,

Óðinn Vili Vei (3.) og Freyja eru um þríeind (3.) í ginnungagapi, og sköpun í veröld,

púrúsha पुरुष er karlkyns,

en kvengerðir eru sköpunarkraftar paraprakriti og prakriti,

परप्रकृति प्रकृति

Paraprakriti er persónugervingur vilja hins æðsta til sköpunar, prakriti hin skapaða náttúra, eða sköpun, -- eða eigin náttúra einhvers.

Óður og Freyja eru guð sem vinna saman á mismunandi sviðum tilverunnar, svo þau mætast ekki oft.

Við finnum endalaus hjón og kærustupör í goðsögnunum, auk þess stytur og myndir af samförum frjórna krafta jafnt sem reikistjarna.

Skaði Baldur Njörður (21.) finnast í ótal mannanna sögum.

Óðinn, vitund, er lífsförunautur þeirrar gnóttar ástar sem gyðjan er, þessa yfirfljótandi gnægðar kærleiks Friggjar.

Gyðjan lýsir ætíð upp ið innra handa mönnunum, og vinnur ætíð í veröld, er virk ið ytra, með gjafir handa mönnunum.

Púrúsha er kyrrð og þögn, orkuhlaðin kyrrð, innan kyrrðarinnar og þagnarinnar er hreyfing, þ.e. hann er vitund á hreyfingu,

og þar finnst paraprakriti, þessi hugmynd að sköpun, sem verður sköpunarþrá, hið æðra prakriti. (para æðra) Svo kemur prakriti, pra (fyrst, á undan, í upphafi) kriti (gert), planlagt. Þá verður til náttúran (36.).

Hún hylur svo uppruna sinn sjónum manna. Einsog Vei hylur Óðin og Vila.

Sóma सोम bindur purusha og prakriti, er lím, lím alheimsins,

bindur saman kyrrðina orkuhlöðnu okkur ósýnilega,
og sköpunarkraftinn,
og náttúruna sjáanlega mannlegum augum.
Alheiminn og uppruna hans.

Sóma er alheimsins lím.
Sóma, flæðið sem heldur alheimi saman.
Mánaorkan, Nanna í okkur.

Þegar menn iðka samsviðstæknina,
tæknina TM sem virkar í alvöru sem yóg, sem sameining
(sameining einstaklingsvitundar og alheimsvitundar),

veldur næringin úr eindinni meiri og meiri ást og kærleika,

ekki eigingjarnri ást, svona: ég vil..., mér hentar..., ég er hlynntur..., mér
þykir gott..., fint fyrir mig.....,

heldur er einsog allt verði þess viðri að njóta aðdáunar.
Samhugð (samúð) kemur í stað sjálfsselsku.

Sóma eykst í okkar lífi.

Við hættum að sjá hið illa og sjáum meira og meira af jákvæðu og góðu
alls staðar í kringum okkur.

Við hættum að ásaka aðra,
hættum einnig að ásaka okkur sjálf.
Skilningur kemur í stað ásakana.

Við þurfum að komast frá „valdaást“
yfir í hinn umvefjandi kraft ástarinnar.
frá því að þrá völd -- í að finna hve völdug tær ást er.

Kærleikurinn, sem gyðjan hefur ofgnótt af, er miklu miklu áhrifaríkari en
völd sem valdabröltið og framapotíð veitir mönnum.

Við skulum losa okkur við völdin veraldlegu sem við dýrðkum,
og dýrðka gyðju ástarinnar í staðinn,
því þannig öðlumst við óendanlega yndislegan kraft.

Sumir lifa fyrir völd.

Sumir þrá völd, en ættu þeirra í stað að prófa að þrá gyðjunnar ást.
Hún er miklu miklu sterkari en heimsins völd.
Margar sögur eru til um það!



Skáldið Rúmí skrifar um ástar-iðuna.


Sagt er að völdum fylgi spilling og ótti.

Sá sem hefur völd þarf að verja valdastólinn sinn með ýmsu öðru en náungakærleikanum.

Hann fær óttann sem fylgdarsvein, því alltaf er hætta á að völdin tapist, og ófyrirséðir keppinautar geta dúkkað upp að baki manni.

Við ættum að losna við þörf fyrir völd.

Það er gott fyrsta skref í átt að vitundarþroska.



द्वितीयत वै भयाम भवति द्वितीयाद्वै भयं भवति

= tvíveðrungur (--sem er alls staðar í verslu--) veldur ætíð ótta.

Menn verða óöruggir -- og hræddir -- vegna óvissunnar í hinu hverfula umhverfi mannanna.

Andstæður í veröld valda óvissu, óvissan veldur svo ótta.

Alltaf er hætta á að missa það sem maður hefur eignast í verslu.

Í umvefjandi faðmi gyðjunnar er óttinn ekki til.

Hlín er okkar skjól og athvarf.

Uppljómaðir menn hafa sagt ýmislegt um kærleikann, t.d. náungakærleikann.

Það er ekki gefið að hinn gruggugi maður (31., tært taugakerfi) skilji svona boðorð og ráðleggingar um kærleika.

Hvernig getur hinn gruggugi maður elskað alla einsog sjálfan sig?

Hann sér ekki að hann og allir eru ginnungagap.

Hann sér sig sem sig, og hina sem hina. Hann hefur augu og sér þetta.

Þótt einhverjir uppljómaðir menn telji sjálfsagt að allir séu eindin,
er það ekki svo augljóslega sjálfsagt þegar við erum ekki sjáandi Sága!!!




Lao Zu setur þetta fram sem ferli: Fyrst er kærleikurinn alvöru, svo orðið
að boðorði um að rembast við að vera góðir, og það er erfitt að vera ekki
ekta!!



upplómaður segir eitthvað fallett, aðrir sjá að það er fallett og vilja líka segja svona fallett, vilja vera svona góðir,



en það er stundum erfitt að vera góður þegar maður er alls ekki uppljómaður, og veit kannski ekki hvað það er, né heldur hvernig það er, menn geta orðið ósammála um þetta falletta og góða, reyna þó að sitja á sér, því það er ekki fallett og gott að reiðast,




enda hægt að fá úr því skorið hve vitlaus hinn er.

Menn fara að treysta á dómgreind annarra, og það er ógott. Kunna ekki sjálfir að leiða sjálfan sig.

Líta upp til einhvers. Hvers?

Og fara að hlýða honum, því þeir kunna ekki sjálfir að leiða sjálfa sig.



þeir tilbiðja eitthvað



sem þeim er sagt að tilbiðja

og hlýða.

Þeir eru komnir í poka, dýrðka eitthvað. Enginn skilur hvað það er. Enginn veit hvernig þeir komust í pokann, enginn hefur hugmynd um að þetta á ekki að vera svona. Enginn veit að það var gat á pokanum og að það er þarna enn. Myrkar aldir eru bara svona dýskoti myrkar.



En þá fæðist alltaf uppljómaður maður sem segir öllum sannleikann.

Aðeins þegar við erum barmafull af alheimsást, gyðjunni miklu, erum við aflögufær án þess að nokkuð rýrni af innri alheimssælu.

Þegar menn eru í Valhöll sjá þeir.

Heimur verður til úr ginnungagapi, en gapið breytist ekkert við sköpun.

पूर्णमदः पूर्णमिदं पूर्णात्पूर्णमुदच्यते । पूर्णस्य पूर्णमादाय पूर्णमेवावशिष्यते ॥

uppruni heims (ginnungagap) er fylld, heimur er einnig fylld, fylld kemur úr fylld, og áfram stendur eindin eftir sem fylld,

þótt allt komi úr eindinni sem er fylld, breytist hún ekki.

Fulla sem er eskimær Friggjar, dregur nafn sitt af पूर्ण púúrña, (fylld)




Gná ग्ना á Hófvarpni sem rennur loft og lög.

Dísir (dís sanskrít: दिश) eigum við margar og góðar.

200% líf, andlegt og líkamlegt!!

Við erum ekki þetta skapaða dótarí (nema hvað kroppurinn okkar góði er úr svoleiðis síbreytilegu flæðandi yndislegu fusi).

Í huga hins uppljómaða sér ekki högg á vatni þótt eitthvað gerist.



Einsog far eftir rák í loft.

Hinn gruggugi maður tekur allt inná sig. Það verða djúp sár og særindi,
hann er lengi að jafna sig. Verður jafnvel reiður, ásakar jafnvel annan,
Lengi eru áverkar á steini að veðrast brott,
rákin jafnar sig brátt í vatni,
rák í loft hefur skammvin áhrif,
áreiti og hnjask eru einherjum einsog að svetta vatni á gæs,
þannig er líf uppljómaðs manns.



Það er semsagt mjög hagkvæmt í daglegu lífi að vera uppljómaður!

Heiðnin er hagnýt vísindi,
þekking mikil
og þeim þörf er þiggja.

Vísindi forfeðranna eru hagnýt vísindi,
eiga erindi til okkar hér og nú,
skilningur um tilgang lífs,
markmiðið að gera fullkomið mannlíf, fullkominn heim.

Ást sem ætlast til einhvers til baka
(„búðin“: ég geri þetta fyrir þig ef (og aðeins ef) þú gerir hitt fyrir mig)
er ekki svona annmarkalaus skuldbindingalaus gefandi ást sem einskis
krefst til baka.
Ekki alumvefjandi gyðjunnar kærleikur.

Sumir reyna að læða inn sektarkennd:



-svona ertu þá við mig -- eftir allt sem ég er búin
að gera fyrir þig.

Á ég þetta virkilega skilið frá þér?

Ekki er heldur ást sem er hönnuð útfrá því hvað maður græðir á henni,

einsog t.d. karl sem vill láta sjá sig með flottri konu,



kona sem vill góða skaffandi fyrirvinnu og barnapössunarbarnsföður,
börn sem setja vasapeningana frá pabba og mömmu í stað ástar,
foreldrar sem sjá veraldlega velgengni barnanna sem fjöður í sinn hatt,
þeir sem vilja breyta annarri mannsekju til að henta sér sjálfum.

Aðeins maðurinn, einn lífvera á jörðu, skilur (getur skilið) hina sönnu
alheimsást, Frigg

prema प्रेम

Frigg stendur fyrir hina fölskvalausu ást, einlægu ást, sem ekki krefst
borgunar.

Tær ást verður ætíð endurgoldin.

In guðlega móðir lifir lengst allra tímaskeiða.

Hún hefur óteljandi lífskeið.
Hún er ábyrg fyrir öllu sem er í alheimi,
öllu sem var,
öllu sem verða mun.
Hún er sköpunarkrafturinn mikli í alheimi.


Dýrin geta elskað og saknað. Getur liðið vel, eða illa.
Velliðan þeirra er í höndum mannanna, herra jarðar.

Öll náttúran er á mannsins ábyrgð.

Maðurinn verður að skilja ína sönnu alheimsást, kærleikann sem ætlast
ekki til neins til baka,
aðeiging gefur og gefur.

Maðurinn er gæddur viti,
getur beitt rökhugsun,
getur skilið.

Þessu hnossi mannlegra eiginleika má aldrei misþyrma með eitri.



Harmur Friggjar dauði sonar (pieta)

Maðurinn má aldrei drekka frá sér ráð og rænu.

Ráð og ræna, þetta skipulag,
-- svo sem rögn, regin, rán, Rán --
finnst alls staðar,
og að sjálfsögðu einnig í mannum.
Maðurinn er einsog alheimurinn (24.).

Skipulag heims er undirstaða þróunar,

dharma धर्म það sem uppiheldur. (dhara धर ber uppi, heldur á)
(28., Þund)

Skipulagsleysi

(í þess hugtaks djúpu merkingu)
og eyðilegging

(það að stríða gegn náttúrulögmálunum, raska jafnvægi og samhljómi)

eru ósvinnra manna hegðan.

Óðinn gefur greyjum sínum kjöt (22., jötnar Geri Freki),
en unir æ við vín eitt,
hunangsmjöld, lífsflæði,

madhú मधु hunang, mjöður

(Madhuchhandas var sjáandi maður.)

En við verðum að vita að ekkert gerist nema gyðjan sé virk.
Við skulum vekja hana innra með okkur:

Sága í Sökkvabekk er okkar sjáandi gyðja.

Sú in sjáandi hefur rætur í djúpinu,
blómstrar í mannlífinu,
einsog vatnaliljan sem vex uppúr leðjunni
og opnast móti himninum og sólinni.

Ekkert fær vætt blöð hennar.
Ekkert loðir við hinn uppljómaða mann.

Tilgangur lífsins er hamingja.
Glaðheimar,
gleikkun hamingju (17.,) og sælu Sólar (17.).

Gyðjan er tímalaus.
Þegar við stundum TM er ekkert tímaskyn.
Það svið er ekki á sviði tíma og rúms í skapaðari veröld.

Skreppið oft á þetta fjórða vitundarstig!
Þar er öll næring,
þaðan stillist samhljómur í allar kroppsins frumur. Heilbrigði.

Gyðjan er ekki sjálf á sviði tíma og rúms, þótt hún vinni í veröld.
En mennirnir, sem hana dýrðka og elska, lifa í tíma og rúmi.
Þeir þurfa að læra að lifa ið tímalausa óskapaða.

Móðirin er óendanleikinn,
ást hennar eilífðin.

Hún þarf ekki tímann.



Þjóðvitnir :

Brandari:

-ætti ég að gefa konunni minni úr í afmælisgjöf. Kannski gullúr?
og vinurinn svaraði:

-hva? er ekki klukka í eldhúsinu?



guðinn hans Gúllivers
haha hehe híhí -- eiginkonurnar í eldhúsunum!

aldeilis ekki vinnudýrkandi konan á vinnumarkaðnum, ma'r!!

-- að þrila upp valdastiga karlaveldisins með flottum starfsferli !!

-Þjóðvitnir minn,

Uppljómuðum mæðrum kynslóðanna leiðist ekki hjá börnunum sínum.

Þær vita til hvers við erum að fæðast.

Mennirnir fæðast ekki til að vinna, Þjóðvitnir minn.



-Já það er þetta með kynslóðana, Frigg mín.

Alltaf eru að fæðast nýir og nýir kynslóðar inn í glingurveröldina,

og þeir verða að fá tölvuleiki því mamma er úti að vinna fyrir pening, til þess að geta keypt nýrri tölvuleiki.

-Yndislegt er hverju barni sem fæðist að eiga góðan föður,

en menn ættu að vita að móðirin er mörgum mörgum sinni meira virði barninu.

Gnótt og lífsgæði eru ekki meiri og meiri peningar fyrir glingri.

Reynum því af fremsta megni að leyfa barninu að njóta móðurinnar.

Uppljómaðra mæðra.

Á fyrstu árum mótast taugakerfið.
Það verður barni ætíð veganesti að njóta heilindis.
Heilindi að ná að hafa er hið bezta veganesti í lífinu.
Mun sá þá æ af heilindum mæla og framkvæma.

Bezta er að njóta gyðjunnar kærleik í bernsku
annmarkalausrar ástar
fölskvalausrar og gefandi
einlægrar ástar
ástar sem krefst einskis, aðeins gefur.

Allt annað kemur þá af sjálfu sér.
Heilzuyndi kemur þá í kjölfarið. (39., matur og umhverfi.)

Við tölum um móðurmálið,
og um föðurlandið.
Málþroskinn er mikilvægur,
landið er það sem við lifum á.

Frigg býður mönnunum iðgnótt alls.
Gná er sendimær Friggjar, þrýstin, þrungin,
gjöfin er kærleikur iðgnógur.

(Gná ग्ना er etv June)

Hófvarpnir þyrjar yfir loft og lög,
um himinhvolf og ægidjúp mannanna vitundar.
Pegasus varp niður hófi og út spruttu músur. (πεγε hoppa)

Fulla gnæðg gnótt púúrña पूर्ण
opnar öskju sín,
og við öðlumst kyrrð og djúpar tilfinningar sem gera okkur kleift að lifa í
öryggi,
öryggi sem er innan okkar sjálfra, og ekkert utanaðkomandi fær rokkað.
Er nokkuð þægilegra í veröld hér en tilfinningalegt öryggi,
manni líður einsog barni á brjósti.

Gyðjan, hvaða nafn sem hún ber, er sköpunarkraftur.
Frigg, alumvefjandi ást
prema kærleikur

Frigg er mikill leiðtogi,
hún telur menn á að leita fullkomnunar.

Vatnaliljur og lótusblóm hafa rætur í leðjunni en teygja krónur upp á vatnsyfirborð í sólina. Ekkert bleytir blöð þeirra.

Við skulum þar með endurtaka:

Við þróumst úr leðjunni upp í ljósið -- ef við viljum.

Frigg, gyðjan æðsta, móðirin dýrðkaða, eggjar okkur á að fara þessa leið á þessu okkar æviskeiði.

Smriti, minnið (13.), hefur fleiri merkingar en við höldum:

Munum við hvar uppruni okkar er? (40.)

Munum við hvaðan rötin dregur upp safann, þegar við horfum á blómknúbbinn opnast?

Hverjir eru brunnarnir þrír?

Þaðan koma rætur asks sem manngi veit af hvers rótum renn.


Er maayaa (það að við sjáum efnisagnir eingöngu) **माया** og **अविद्य**

avidya

(ósvinna; a (neitandi forskeyti) vidya (þekkingin, vit))

svo þykk þoka og glepandi í okkar veraldlegu augum

að við munum ekki að við erum ginnungagap?



Við missum sjónar á grundvallarraunveruleikanum vegna skilningarvitanna. (4. skræða.)

Endurheimt minnið (minnið um hvað ég er í raun, 40.).

Gruggurinn skyggir á (hin skapaða veröld séð með augum, numin með fimm skilningarvitum, 4.skræða).

Þar til við komumst í Valhöll (30.).

Í augum einherja, Hugins og Munins (30.), uppljómaðra manna, eru efnisagnirnar gagnsæjar.

Þær eru Gungnir.

Efni/orka tími/rúm er aðeins fagurt viðstöðulaust síbreytilegt hverfult sjónarspil í augum manns sem lifir Valhöll.

Þannig er útsýnið úr Valhöllu.



Hvað er til ráða þegar við skiljum ekki lengur:
sjálfur leið þú sjálfan þig,
né heldur þekktu sjálfan þig?

Það má ekki vera skortur á fræðslu og þekkingu.
(Vitundarþroskamenntun; 37.)

Gleymum aldrei: Tilgangur lífsins er hamingja (17.),
Glaðheimar (14.),
gleikkun hamingju (17.) og sælu Sólar (17.).

Glaðheimar, þar sem Valföður æ við vín eitt unir, lífsflæðið eilífa flæðir,
er hið bezta líf hvers manns.
Glaður, gleiður, óendanlegur.

Glaðheimar er óravíddin -- sem við erum í raun.

Við þurfum aðeins að læra að lifa í Glaðheimum alla ævi, og við munum
breyta með því samferðafólki okkar til hins bezta.

Vísindi forfeðranna eru hagnýt vísindi,
eiga erindi til okkar hér og nú.

Þau flytja okkur skilning um tilgang lífs,
um markmiðið að þróast, tilganginn sjálfan.
Heiðni minnir okkur á verkefnið okkar: að gera fullkomið mannlíf,
fullkominn heim.

Við þurfum að læra samsviðstæknina TM. Handhægt tæki til að finna
fullkomnun (siddhi; Síðhöttur Siddhartha, 29.)

Sága í Sökkvabekk, Frigg í Fensölum,
hefur rætur í djúpinu, blómstrar í lífinu, í mannlífinu.

Og hvað er til ráða þegar maayaa og avidya byrgja okkur sýn á hver við
erum, þannig að „þekktu sjálfan þig” skilst ekki?
Ofur einfalt.

Kennt í Hávamálum (vísu 138 o.áfr.):

Við þurfum að losa okkur við Gunnana þrjá (sjá 3. og 5.),
nístraigúnyo bhav (ekki trí-gúna hafa).

Þeir stjórna öllu í verslu.

Við erum ekki ærslin í verslu.

Við rétt aðeins lifum í henni -- til þess að þroskast og þróast.



Við erum raunveran tær.

(Óðinn Vili Vei (3.), Urður Verðandi Skuld (33.), Gunnarnir (3., 5.), Fenrir (16.)

Nístrai gúnyó bhav निस्त्रैगुण्यो भव्

Vertu Gunna-laus!!

Við verðum Sága,

sjáum í gegnum efnisagnirnar og kvarkana og skammtana sem hún

versla okkar yndisleg er,

og sjáum hvað við erum í raun.

Við sjáum Gungni (14.), vopn vitundar, titrandi í öllu og öllum í kringum okkur.

Nasto moha smritir labdha नष्टो मोहाः स्मृतिर्लब्धा (40.).

Endurheimt minnið (minnið um hvað ég er í raun (13., Mímir)).

Gruggurinn skyggir á --- þar til við komumst upp úr þokunni í dalnum upp í Valhöll á fjallstoppi (21., Skaði).

In skapaða veröld séð með augum, numin með fimm skilningarvitum, glepur.

Jafnvel Vili, hvað þá heldur Vei, hylur Óðin (3.).



Óðinn Vili Vei þríeind samhíta/ginnungagaps

Örgumst ekki í því forgengilega.

Ást Friggjar horfir á veröld í dýpri merkingu.
Hún sér veröld sem frið og kyrrð, því hún er alheimsástin,
kærleikurinn barmafulli.

Einstaklingar eiga það til að einblína á hið ófullkomna og allt sem pirrar
þá.

Ást Friggjar leitar hins sterka og stöðuga.

*- Ósvinnur maðr vakir of nætur og hyggur at hvívetna
þá es móður er at morgni kömr
svá es víl sem vas.*

*Ahyggjurnar þrífast ekki nema þú hugsir vel um þær
ræktir þær af kostgæfni,
vökvir þær,
talir við þær.*

*Annars kemur kyrkingur í áhyggjurnar. Þær velsast upp
og deyja.*

*Og þyrnarnir á þeim verða ekki að almennilegum broddum,
nema þú hugsir vel um þær, kvölds og morgna.,
finnir nærveru þeirra á daginn,
vaknir upp á nóttunni og gefir þeim brjóst.*

(Goþrún Dimmblá (Guðrún Kristín Magnúsdóttir) úr leikritinu
Ég er hættur! Farinn! Ég er ekki meði svona asnalegur leikriti)

-Frigg bendir mönnum á hve langt þeir hafa komizt í lífinu á
þróunarbraut sinni.

Hún er ekki að nudda okkur uppúr hve langt við eigum enn ófarið, því
þar sem hver og einn er einmitt hér og nú, er rétti staðurinn og tíminn til
að njóta Friggjar, móðurinnar miklu.

Hún hamrar ekki á öllu sem við eigum eftir að gera til að komast alla
leið.

Aðeins hvetur okkur til dáða. Vekur okkur til umhugsunar.

Við ættum að sjá hve einfalt og yndislegt er að elska einsog gyðjan, og
hve aumkunarvert er að finna að öllu.

Það verður að viðurkennast að við tökum til hendi þegar við sjáum að
ekki er allt eins og bezt verður á kosið.

En Friggjarást veit undir niðri að það eina sem þarf að gera er að sóast í ginnungagap, tengjast upprunanum, teygja sig upp í himin og sólarljós.



Gyðjuást öðlast mennirnir við að tengjast ginnungagapi iðla.

Maðurinn þarf að eiga svo mikla ást að hún fljóti yfir barmana og sé meira en nóg handa öllum.

Breiðist yfir allan heim. Flæði um allar trissur.

Frigg, með sínu fordæmi, bendir á að það er einmitt þetta sem við erum ómeðvitað að gera.


Og við skulum athuga að ekki með orðum,
ekki með hugsunum,
ekki með gjörðum,
ekki með tilfinningum, komum við ástinni vel til skila,
heldur:

á miklu dýpra sviði innan okkar er ekkert annað en ást og gleði, sem flæðir frá manni til allra og alls.



Í eindinni er ekki tími, ekki rúm.

Allt sem gerist hér flyzt og ferðast um allt á nóinu.



Við erum vitund.

Ástin berst er ekki með fyrirhöfn og athöfnum og tali,
heldur flæðir hin sanna tæra ást frá einu hjarta til annars,
frá öllum mannanna hjörtum til allra manna hjarta,


sjálfkrafa og fyrirhafnarlaust.

Hún notar ormagöngin góðu í tímarúmskvoðunni.
Það er þannig sem Óðinn fer til Gunnlaðar að sækja mjöðinn dýra.

Alheimsástin ferðast sem sagt hvorki með orðum okkar né athæfi einu saman,
því hún ferðast hljóðlaust um allt,
í vitund,
á samsviði allra náttúrulgömálanna.

Minnsti vandi er að lifa það svið tilverunnar, ginnungagap.
Til þess er tæknin og vísindin (TM).

Ekki svo að við búum til ást með því að ákveða að elska allt og alla.
Svleiðis er á tilfinninga- og hugsanasviði.



Fljótlega verður hún uppurin og við bara skúffuð.

Allt gerist sjálfkrafa þegar við erum orðin altær (31.),
samgangurinn, vegurinn, milli mín og ginnungagaps iðla troðinn (26.).
Við erum það (26.).
Vegalengdin engin (frá mér til mín),
samgangurinn veit enga fyrirstöðu.

Ástin veit að ekkert annað en ást þarf.

Í þeli niðri vitum við öll að þetta er satt,
og líklega höfum við öll prófað það?

Móðir, kona, meyja
meðtak lof og prís.
Hver telpa er gyðjan holdi klædd.

Ið kvenlega eðli er andsæða ófriðar, stríðs, þjáningar, grimmdar.
Ið kvenlega eðli hér í heimi
þ.e. konan sköpuð,
konan sem skapandi, sem viðhaldandi lífi,
sú sem styður líf alls á þróunarbrautu,

stendur á æðsta tindi sköpunarverksins.

Þar er hennar staður, hennar staða, hennar Þundarflæði

dharma धर्म

Þaðan má móðirin mikla aldrei hverfa,
virðing sem henni ber má aldrei dvína.

Því afleiðing firringar er ófriður, þjáning, grimmd.
Hlutverk konunnar er ekki að fara í stríð,
hún er fædd til að heyja frið.

धर्म dharma þýðir einmitt: það sem uppiheldur. (28., um Þundu)


Við nálgumst æ meir dharma okkar ef við sóumst iðla.

Gyðjurnar fylla lífið gæðum og gnótt.

hin guðlega móðir lifir ætíð.
9 nætur

nava natri नव ९ रत्रि (20., gyðjan mikla, mörg nöfn)
en nava þýðir níu og einnig nýtt.

Vasantik Navaratri, 9 mána dagar (/tungldagar) hinnar guðlegu móður,
veita mönnum auð, velgengni, heilsu, fagurt langlífi, þekkingu, og skarpa
greind.



ISBN 978-9935-409-17-1

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मिस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkominar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharm), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmal okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
